

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
v/ Austurvöll  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2018  
Tilvísun: 2018050073

**Efni: Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. þingmál nr. 622 á 148. löggjafarþingi.**

Á Alþingi er til meðferðar umfangsmikið frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem takmarkaður tími hefur gefist til að rýna með það fyrir augum að gefa umsögn um frumvarpið. Fjármálaeftirlitið vill þó koma á framfæri ábendingum varðandi orðskýringu í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að finna skýringu á hugtakinu „viðkvæmar persónuupplýsingar“. Orðskýringunni er ætlað að skilgreina hvaða upplýsingar teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga en vinnsla slíkra upplýsinga lýtur sérstökum skilyrðum skv. 11. gr. frumvarpsins og er aðeins heimil í afmörkuðum tilfellum. Fjármálaeftirlitið telur notkun hugtaksins „viðkvæmar persónuupplýsingar“ óheppilega og jafnvel villandi af eftirfarandi ástæðum.


Hugtakið er ekki sambærilegt við það hugtak sem kemur fyrir í 9. gr. GDPR, þ.e. reglugerð (ESB) 2016/679, sem lagaákvæðum frumvarpsins er ætlað að ná utan um og lögfesta. Í reglugerðinni er talað um „sérstakar persónuupplýsingar“ eða „sérstaka flokka persónuupplýsinga“, þ.e. „special categories of personal data“. Þrátt fyrir framangreinda hugtakanotkun í reglugerðinni er í frumvarpinu notast við hugtakið „viðkvæmar persónuupplýsingar“ líkt og í gildandi lögum um persónuvernd, nr. 77/2000 sem er til þess fallið að draga úr skýrleika fyrirhugaðrar löggjafar í heild.

Af frumvarpinu og lögskýringargögnum þess verður ekki séð að tekið hafi verið tillit til þess að hugtakið „viðkvæmar persónuupplýsingar“ hefur talsverðan snertiflöt við nýja tilskipun um greiðsluþjónustu, s.k. PSD2 tilskipun (ESB) 2015/2366. Í 32. tölulið þeirrar tilskipunar er að finna skilgreiningu á hugtakinu „viðkvæmar greiðsluupplýsingar“ þ.e. „sensitive payments data“. Slíkar upplýsingar lúta kröfum samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar, einkum varðandi öryggi og vernd. Um eftirlit með því hvort slíkar kröfur eru uppfylltar, og þær öryggisráðstafanir sem grípa þarf til til að vernda viðkvæmar greiðsluupplýsingar, fer samkvæmt ákvæðum PSD2 tilskipunarinnar og fylgigerðum. Kemur það því í hlut Fjármálaeftirlitsins að hafa eftirlit með því að farið sé með „viðkvæmar greiðsluupplýsingar“ í samræmi við þau lög og reglur sem um meðferð þeirra gilda.

Með hliðsjón af framansögðu vekur Fjármálaeftirlitið athygli á að með því að velja að nefna þá flokka persónuupplýsinga sem greinir frá í 3. tölul. 3. gr. „viðkvæmar persónuupplýsingar“ eykst villuhætta vegna laganna umfram það sem þörf er á.

Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að sterkar líkur eru á að tilvísun til „1. mgr. 10. gr.“ í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins eigi í raun að vera tilvísun til 1. mgr. 9. gr. enda eru engin skilyrði talin upp í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins en þau koma á hinn bóginn fyrir í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Anna Mjöll Karlsdóttir

  
Margrét Sigurðardóttir